Nr. 21.
1.
nóvbr.

Auglýsing

um

að auglýsing frá stjórnarráði Íslands 8. nóvbr. 1888 skuli að nokkru leyti úr gildi felld.

Hjermeð skulu felld úr gildi ákvæðin í auglýsing frá stjórnarráði Íslands 8. nóvbr. f. á. um að fyrirmælum laga 17. des. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands, skuli fylgt að því er snertir skip, er til Íslands koma frá höfnum á Sikiley. Ennfremur fellur úr gildi bannið samkvæmt lögum 24. okt. 1879, 3. gr. í nefndri auglýsing gegn því að flytja með þessum skipum til Íslands brúkað lín, föt og sængurfatnað, nema þessir munir sjeu ferðafatnaður, dulur, brúkað vatt, hnökraull, afklippur af pappír, hár og húðir.

Ákvæðum laga 17. des. 1875 verður hjereptir beitt að því er þessa staði snertir:
Marseille og
allar Egiptalands hafnir.

Fyrir Marseille gildir og innflutningsbann samkvæmt lögum 24. okt. 1879. 3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta kunngjörist til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 1. nóvember 1889.

J. Nellemann.

Ólafur Halldórsson.

Bekjendtgjørelse

Nr. 21.
1ste
Novbr.

om

delvis Ophævelse af Ministeriet for Islands Bekjendtgjørelse af 8de November 1888.

Herved ophæves Bestemmelserne i Bekjendtgjørelse fra Ministeriet for Island af 8de Novbr. f. A. om Jagttagelse af de i Lov om Foranstaltninger til at forhindre Børnekoppers og den asiatiske Koleras Indbringelse til Island af 17de December 1875 foreskrevne Forholdsregler med Hensyn til Skibe, der ankomme til Island fra Havne paa Sicilien, saa vel som ogsaa det i bemeldte Bekjendtgjørelse indeholdte Forbud i Henhold til Lov af 24de Oktober 1879 § 3 mod al Indførsel ved saadanne Skibe af brugt Linned, brugte Klædningsstykker, brugte Sengklæder, for saa vidt de nævnte Gjenstande ikke høre til Personers Rejsegods, Klude, brugt Vat, Kradsuld, Papirsaffald, Haar og Huder.

Bestemmelserne i Lov af 17de December 1875 ere herefter i Virksomhed overfor følgende Steder:

Marseille, og
samtlige ægyptiske Havne.

Overfor Marseille bestaar derhos Indførselsforbud i Henhold til Lov af 24de Oktober 1879 § 3.

Denne Bekjendtgjørelse træder straks i Kraft.

Hvilket herved bekjendtgjøres til Efterretning for alle Vedkommende.

Ministeriet for Island, den 1ste November 1889.

J. Nellemann.

Ólafur Halldórsson.

(Optrykt Side).